

5. fundur faghóps um bættar starfsaðstæður í leikskóla 3. Janúar 2019 kl: 11-12:30

Mættar: Inga Fríða Tryggvadóttir, Ásgerður Kristjánsdóttir, Linda Björk Halldórsdóttir, Hulda Snæberg Hauksdóttir, Jenný D. Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Fanney Dóróthe Halldórsdóttir

Lagt var upp fyrir fundinn að hann rætt yrði annarsvegar veikindaafleysing og starfsaðstæður leikskólans færðust nær grunnskólanum. Þetta eru þeir þættir sem faghópurinn var sammála um að ræða frekar og færa til nánari útfærslu.

1. Inga Fríða ræddi afleysinguna eins og hún birtist í leikskólalíkani skólanna. Frá árinu 2015 fór hún úr 8,33% í 6,33% þegar ákveðið var að lækka hana vegna hagræðingar almennt hjá sveitarfélaginu. Ósk faghópsins er að þessi prósentan verði hækkuð á ný. Hópurinn fann fyrir þessu þegar prósentan var lækkuð t.d í Smáralundi sem er 53 barna skóli þá er þetta einungis ½ stöðugildi. í Víðivöllum sem er 110 barna skóli þá var t.d. sl. vetur 5-7 manns í einu í langtímaveikindum sem voru frá 4 vikum og allt upp í 9 mánuði. Þá var afleysingin engan veginn að dekka þessi forföll. Erfitt reyndist að ráða tímabundið í stöðurnar.

Hópurinn ræddi leiðina sem Reykjavíkurborg hefur farið. Setti upp svokallaða afleysingastofu og auglýstu eftir fólki miðlægt. Þau fá þjálfun í upphafi t.d um hvað er dagskipulag og fl. Starfsmaður hjá skóla og frístundasviði sér um að útvega þar sem vantar. Þess má geta að þegar þetta var fyrst auglýst þá sóttu um 100 manns um.

Hópurinn óskar eftir því við Harald Eggertsson verkefnastjóra að fá útreikning úr vinnustund á skammtíma og langtímaveikindum og einnig fjarvistum starfsmanna vegna veikinda barna. Þannig verður hægt að sjá hver þörfin er á viðbótar afleysingu vegna veikinda.

2. Að leikskólinn geti færst nær starfsumhverfi grunnskólans  
Rætt var um hversu mikil ánægja var hjá því starfsfólki leikskólanna sem var alfarið í fríi milli jóla og nýárs vegna „lágmarksstarfsemi“  
Ákveðið var að taka saman tölur um nýtingu plássu líkt og gert hefur verið undanfarin ár.

Ef starfsumhverfið yrði fært nær grunnskólanum hvað varðar frí og dymbilvika tekin með þá væri um að ræða 30-32 daga á ári sem leikskólinn væri lokaður (fer eftir fjölda vinnudaga á milli jóla og nýárs). 20 dagar í sumarleyfi, 5 starfsdagar og svo jólafrí og páskafrí.

Ræddir voru þeir punktar sem sem helst eru nefndir varðandi starfsumhverfi:

- Flótti fagfólks yfir í grunnskólann/samkeppni um starfsfólk
- Aukin starfsánægja
- Jafnar hlut fagstétta leikskólakennara og grunnskólakennara
- Léttir á álagsumræðunni, ert meira til í að leggja á þig þegar þú veist af góðu frí framundan



## HAFNARFJÖRÐUR

- Meiri möguleikar í grunnskólanum að ná sér í yfirvinnu (taka að sér forfallakennslu og fá greitt álag þegar t.d. kennarar í sama árgangi eru fjarri vinnu).

Hópurinn ræddi lítillega í lokin áhyggjur sínar af lengdri viðveru barna í ljósi aukins systkinaafsláttar. Sé foreldri með 2 börn í leikskóla þá kostar fyrir annað barnið 14.400 miðað við 8. klst. Nokkuð er um að foreldrar eru þegar farnir að óska eftir lengingu á vistunartíma eftir að ný gjaldskrá tók gildi nú um áramótin.

Fundi slitið kl. 12.30